

53
23. júní

L Ö G

um

greiðslu andvirðis millisíldar úr búí Síldareinkasölu Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða úr búí Síldareinkasölu Íslands í „likvidation“ ógreitt andvirði millisíldar frá síðasta hausti, að frádregnum sölu-kostnaði, og fella samtímis niður jafnháa upphæð af forgangskröfum (tollkröfum) ríkissjóðs í bú Síldareinkasölnnar, sem téðu andvirði nemur, svo eigi sé gengið á hlut annara skuldheimtumanna hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.